

LÖG

um

34

27. júní

breyting á lögum nr. 34, 6. nóv. 1902 [Sóttvarnalög].

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

6. gr. laga nr. 34 frá 1902 skal orða þannig:

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir alt landið, er sje jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomu-skipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu, annast viðhald á því og öllum útbúnaði þess og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sje til taks.

Bæjarlæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafð-ir eru í sóttvarnarhúsinu, nema heilbrigðisstjórnin skipi til þess annan lækni.

Heilbrigðisstjórnin setur reglur um afnot þessa sóttvarnarhúss.

2. gr.

Síðari málsgrein 12. gr. skal orða þannig:

Sje aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3, má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sje til neytt.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gefa út afsal til hlutaðeigandi kaupstaða fyrir sóttvarnarhúsunum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, án þess nokkurt endurgjald komi fyrir þau, með þeim skilyrðum, að á Ísafirði verði settur í nýja spítalann sötthreinsunarofn, er sje fullnægjandi að álitu landlæknis, að á Akureyri verði sóttvarnarhúsið haft fyrir farsóttahús, og að á Seyðisfirði verði andvirði fyrir sóttvarnarhúsið varið til aðgerðar á bæjarspítalanum þar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.